

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Siglufirði, nr. 230 1. október 1964.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Alla virka daga skal sölubúðum og sölustöðum eigi lokað síðar en kl. 18 nema föstudaga kl. 19 og lokað á laugardögum, og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þá skulu og vera frá þessu undantekningar, sem nú skal greina:

2. gr.

Síðasta málsgrein 2. gr. orðist svo:

Sölubúðir skulu vera lokaðar alla helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst (frídagur verslunarmanna). 20. maí, þá er afmæli Siglufjarðar ber upp á 5 eða 10 ár, skulu sölubúðir vera lokaðar allan daginn.

Samþykkt þessi, sem er gerð af bæjarstjórn Siglufjarðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 73 23. mars 1972, um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Siglufirði.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1974.

F. h. r.

Halgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar nr. 120 14. apríl 1966.

Aftan við samþykktina komi nýr kafli svo hljóðandi:

IX. KAFLI

Um framkvæmdanefnd byggingaáætlunar Vestmannacyjakaupstaðar.

1. gr.

41. grein orðist svo:

Bæjarstjórn skal kjósa framkvæmdanefnd til þess að undirbúa og stjórna BYGGINGAÁÆTLUN VESTMANNAEYJA (B. Á. V.).

Tilgangur B. Á. V. skal vera sá:

- a. að skipuleggja og stjórna undirbúningsframkvæmdum við byggingasvæðið nýja í Vestmannaeyjum, með það fyrir augum, að gera það byggingarhæft svo fljótt, sem kostur er,
- b. að stjórna byggingu þeirra íbúða, sem bæjarstjórn ákveður að láta reisa þar, ýmist til leigu eða endursölu,